

Tillaga til bæjarstjórnar

Tillögu flytjandi: Bæjarfulltrúi Vina Mosfellsbæjar

Efni: Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2023-2027

Dags: 8. nóvember 2023

Tillaga 1:

Breyta reglum um frístundaávisanir þannig að þær gildi í 12 mánuði

Bæjarfulltrúi Vina Mosfellsbæjar leggur til að reglum um frístundaávisanir verði breytt á þann veg að gildistími þeirra verði 12 mánuðir í stað níu eins og nú er. Kostnaður við tillöguna er óverulegur, þar sem gert er ráð fyrir tiltekinni fjárhæð í fjárhagsáætlun fyrir frístundaávisanir. Markmið tillögunnar er að öll börn sitji við sama borð og eigi jöfn tækifæri til að sækja sér íþrótt eða önnur tómstundanámskeið allt árið um kring.

Greinargerð:

Frístundaávisun er framlag sveitarfélagsins til að börn eigi þess kost að sækja sér íþrótt eða tómstundaiðkun. Í dag er gildistími ávisunar miðaður við skólaárið og sumrin undanskilin. Við erum með hóp barna, íslensk sem erlend, sem finna sig ekki í hefðbundnu íþrótt eða tómstundastarfi að vetri til og standa oft einnig félagslega höllum fæti. Á sumrin breytist úrval námskeiða sem hefur vakið áhuga barna en þá er það fjárhagur foreldra sem ræður því hvort barn geti sótt námskeiðin.

Foreldrar með lítið bakland, t.d. af erlendum uppruna, þurfa að púsla saman sumarfrismánuðum skólanna. Þau eru mörg að taka lengra sumarfrí launalaust til að vera með börnum sínum. Því myndi sá möguleiki að nýta frístundaávisun að sumri til vera viðleitni sveitarfélagsins til að foreldrar geti sinnt sínum störfum og börnin verið ánægð á sínum námskeiðum.

Tillaga 2:

Vinir Mosfellsbæjar leggja til að ráðinn verði inn fjármálaráðgjafi fyrir skólastjórnendur í Mosfellsbæ. Markmiðið er að létta álagi af stjórnendum og skapa tíma sem stjórnendur geta varið með því að standa við bakið á sínu fólki og efla faglegt samstarf innan skóla sem og til nærsamfélagsins.

Greinargerð:

Starf skólastjórnandans er fjölbreytt, annasamt, krefjandi og flókið. Viðfangsefnin eru margvísleg og af ýmsum toga. Í okkar stjórnendahópi erum við með stjórnendur sem eru að stíga sín fyrstu skref í stjórnun, aðra sem hafa nokkurra ára reynslu og að lokum reynslumikla stjórnendur. Hópurinn á það sammerkt að hafa fengið krefjandi verkefni í fangið. Því teljum við í Vinum Mosfellsbæjar mikilvægt að við stígum inn og léttum álagi af fólki. Dýrmætur tími stjórnenda fer í fjármálhlið síns rekstur, þessum tíma mætti verja með því að styðja við starfsfólkið og í faglegu samstarfi við nemendur og nærsamfélag skólanna.

Virðingarfyllst

Dagný Kristinsdóttir, Vinir Mosfellsbæjar